

Miðvikudaginn 2. marz 1949.

Nr. 20/1948. **Landleiðir h/f**
 gegn
Snorra Arnfinnssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Er flytja skyldi mál þetta munnlega í dag fyrir Hæstarétti, kom enginn fyrir dóminn af hálfu áfrýjanda. Fellur málssókn þessi því niður. Umboðsmaður stefnda sótti hins vegar þing, og hafði hann búið sig undir flutning málsins. Krafðist hann ómaksbóta til handa stefnda úr hendi áfrýjanda. Ber að taka þá kröfu til greina, og þykja ómaksbætur stefnda með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Landleiðir h/f, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Snorra Arnfinnssyni, kr. 700.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. marz 1949.

Kærumálið nr. 9/1949.

Gísli Jónsson

gegn

Ingvaldi Benediktssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vitni dæmt óskýlt að staðfesta framburð sinn.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. febr. 1949, er hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur upp kveð-

inn 3. febr. sl., í vitnamálinu Ingvaldur Benediktsson gegn Carli Olsen, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja, er komið hafði fyrir dóm sem vitni, gert skylt að staðfesta vætti sitt með eiði.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og sér talið óskýlt að staðfesta vætti sitt með eiði. Svo krefst hann þess og, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað að skaðlausu. Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Vætti sóknaraðilja er að sumu leyti þýðingarlaust fyrir málið, en snertir að öðru leyti matsatriði, sem honum var óskýlt án dómkvaðningar að segja skoðun sína um. Verður hann því ekki skyldaður til að staðfesta vitnisburð sinn. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Hæfilegt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 150.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Ingvaldur Benediktsson, greiði sóknaraðilja, Gísla Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 150.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1949.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 26. f. m., var þingfest hér fyrir bæjarþinginu sama dag sem vitnamálið nr. 75/1949, Ingvaldur Benediktsson gegn Carli Olsen, en mál milli sömu aðilja er nú rekið fyrir Hæstarétti. Fyrir dóminn kom sem vitni Gísli Jónsson, Frakkastíg 12 hér í bæ, og bar vætti í málinu. Umboðsmaður vitnastefnanda krafðist þess þá, að vitnið staðfesti framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Vitnið, sem er í viðurkenndu trúfélagi, færðist undan eiðvinningu og bar við, að það hefði aldrei áður unnið eið og óskaði ekki að gera það. Var atriðið tekið til úrskurðar að beiðni vitnisins.

Vitnið hefur ekki fært aðrar ástæður fram fyrir synjun eiðvinningar en að framan getur, og ekki hefur það viljað breyta framburði sínum. Þar eð vitnið er í viðurkenndu trúfélagi hér á landi, verður að telja, að eins og á stendur, beri því að fullnægja vitnaskyldu sinni á þann hátt,

sem krafizt er, enda er ástæða sú, sem það hefur fram fært, ekki svo vaxin, að hún leysi það frá þeirri skyldu.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Vitninu Gísla Jónssyni er skylt að staðfesta vætti sitt með eiði.

Mánudaginn 7. marz 1949.

Nr. 112/1948. **Réttvísing og valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Kristjáni Andréssyni (Ragnar Jónsson)
og Þorsteini Finnbogasoni
(Guttormur Erlendsson).

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Bifreiðaeftirlitsmenn þeir, er skoðuðu bifreiðina G-374 eftir slysið, hafa lýst því, að handhemill hennar hafi þá eigi verið í fullkomnu lagi. En þar sem hemillinn kann að hafa laskast, er bifreiðin rann á húsið með þeim hætti, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, þykja eigi efni til að dæma ákærða Kristjáni Andréssyni refsingu fyrir brot gegn 5. og 24. gr. bifreiðalaganna. Þá þykir honum eigi verða metið það til sakar, eins og á stóð, að hann neytti eigi hins sérstaka öryggisbúnaðar til þess að stöðva bifreiðina. Héraðsdómarinn hefur að öðru leyti fært hegðun ákærða Kristjáns til rétttra refsí-
ákvæða, og þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar refsingu hans og ökuleyfissviptingu.

Ákærði Þorsteinn Finnbogason fór í stjórn og akstri bifreiðarinnar eftir fyrirsögn ákærða Kristjáns. Mátti hann eftir atvikum treysta því, að Kristján gætti alls öryggis í þessu sambandi, þ. á m. að því er varðaði gangskiptingu bifreiðarinnar. Verður honum því eigi gefin refsiverð sök á slysinu, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.